

Laga- og reglugerðaumhverfi í eldi nytjastofna sjávar



.....
FISKISTOFA
DIRECTORATE OF FISHERIES



Gildandi lög og reglugerðir



- www.althingi.is

Lög um eldi nytjastofna sjávar
nr. 33 frá árinu 2002.

- www.sjavarutvegsraduneyti.is

Reglugerð um eldi nytjastofna
sjávar nr. 238 frá árinu 2003

Reglugerð um úthlutun
aflaheimilda í þorski vegna
tilrauna við föngun fisks til
áframeldis og framkvæmd þess
nr. 464 frá árinu 2002



Gildandi lög og reglugerðir

Samkvæmt reglugerð um eldi nytjastofna sjávar þarf rekstrarleyfi útgefið af Fiskistofu til fiskeldis. Rekstrarleyfið er gefið út til fimm ára í senn.

Rekstrarleyfin ná til ólíkra tegunda og þær tegundir sem nú er leyfi fyrir eru:

- þorskur
- ýsa
- lúða
- sandhverfa
- kræklingur
- sæeyra
- ásamt leyfum fyrir steinbít og hlýra sem ekki eru virk.





Gildandi lög og reglugerðir

Vert er að taka fram að verði verulegar breytingar á starfsemi eldisstöðva sem víkja frá umsókn um rekstrarleyfi þá þarf að sækja um aftur. Sjá 5. gr. í reglugerð um eldi nytjastofna sjávar.

Sé ársframleiðsla yfir 199 tonn þarf framkvæmdaraðili að tilkynna Skipulagsstofnun um fiskeldið sem tekur ákvörðun um hvort eldið sé háð mati á umhverfisáhrifum. Nánari upplýsingar um þetta er að finna í lögum nr. 106 frá 2000 um mat á umhverfisáhrifum en í 2. viðauka segir:

“Framkvæmdir sem kunna að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og metið er í hverju tilviki með tilliti til eðlis, umfangs og staðsetningar hvort háðar skuli mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum þessum”

Í tölulið g í sama viðauka segir:

“Þauleldi á fiski þar sem ársframleiðsla er 200 tonn eða meiri og fráveita til sjávar eða þar sem ársframleiðsla er 20 tonn eða meiri og fráveita í ferskvatn.”



Gildandi lög og reglugerðir

- Ársframleiðsla í þessum lögum og reglugerðum er túlkuð sem slátrað magn af fiski.

Vinsamlegast veitið því athygli að ef slátrað magn á ári er að nálgast 200 tonn eða hefur farið yfir 200 tonn ÞARF að hafa samband við Umhverfisstofnun og sækja um stærra starfsleyfi og Skipulagsstofnun og fá umsögn um hvort meta þurfi umhverfisáhrif.



Gildandi lög og reglugerðir

- Fiskiskip sem eldisfyrirtæki felur að fanga fyrir sig fisk skal hafa almennt leyfi til fiskveiða í atvinnuskyni.
- Eins fljótt og auðið er að föngun lokinni skal senda til Fiskistofu eyðublað “Beiðni um úthlutun aflaheimilda til þorskeldis”.
- Heimilt er að veiða af eigin aflaheimildum í áframeldi en þá skráist aflinn til aflamarks. Eins þarf að gæta að því að rekstrarleyfið nái yfir þær tegundir sem veiddar eru til áframeldis.





FISKISTOFA
DIRECTORATE OF FISHERIES

Framleiðsludagbók fiskeldis

Heimasíður Fiskelda - Microsoft Internet Explorer

Address: http://www.hafro.is/~dam/fiskeldi/

Ingólfrstræti 1
101 Reykjavík
Sími: 569-7900
Fax: 569-7990
Afgreiðslutími virka daga kl 8:30 - 16:00

Heim Rekstrarleyfi Notendur Starfsleyfi Kvíar Fiskeldi Hjálp
Nýtt Rekstrarleyfi Nýr Notandi Nýtt Starfsleyfi Ný Kví Nýtt Fiskeldi Notandi: helga

Flutningur	Rekstrarleyfi	Kennileyti	Eining	Fisktegund	Tegund Eldis	Eldi Haðá	Eldi Loká	Fjöldi í Eldi	
Fóðrun	IS-36001	Tálknafjörður Höpið	0	Þorskur	Áeldi	24-05-2004		14910	...
Slátrun	IS-36001	Tálknafjörður Höpið	10	Þorskur	Áframeldi	01-07-2004		7436	...
Kaup/Sala	IS-36001	Tálknafjörður Höpið	11	Þorskur	Áframeldi	24-11-2004		8829	...
Umsjón	IS-36001	Tálknafjörður Höpið	12	Þorskur	Áframeldi	24-11-2004		10056	...
Útskrá	IS-36001	Tálknafjörður Höpið	1A	Þorskur	Áframeldi	20-01-2004 06-10-2004		0	...
	IS-36001	Tálknafjörður Höpið	2	Þorskur	Áframeldi	20-01-2004		1760	...
	IS-36001	Tálknafjörður Höpið	2B	Þorskur	Áframeldi	01-01-2004 04-06-2004		0	...
	IS-36001	Tálknafjörður Höpið	3	Þorskur	Áframeldi	20-01-2004		981	...
	IS-36001	Tálknafjörður Höpið	4	Þorskur	Áframeldi	20-01-2004		1764	...
	IS-36001	Tálknafjörður Höpið	5	Þorskur	Áframeldi	04-06-2004		5628	...
	IS-36001	Tálknafjörður Höpið	6	Þorskur	Áframeldi	01-01-2003 06-01-2004		0	...
	IS-36001	Tálknafjörður Höpið	6	Þorskur	Áframeldi	04-06-2004		3539	...
	IS-36001	Tálknafjörður Höpið	7	Þorskur	Áframeldi	04-06-2004		0	...
	IS-36001	Tálknafjörður Höpið	8	Þorskur	Áframeldi	04-06-2004		2393	...
	IS-36001	Tálknafjörður Höpið	9	Þorskur	Áframeldi	01-01-2004		10041	...
	IS-36002	Skutulsfjörður	1	Þorskur	Áframeldi	01-01-2000 10-11-2003		0	...
	IS-36002	Skutulsfjörður	1	Þorskur	Áframeldi	01-04-2004 18-12-2004		0	...
	IS-36002	Skutulsfjörður	2	Þorskur	Áframeldi	01-01-2000 10-11-2003		0	...
	IS-36002	Skutulsfjörður	2	Þorskur	Áframeldi	13-05-2004 04-11-2004		0	...
	IS-36002	Skutulsfjörður	2	Þorskur	Áframeldi	08-12-2004		-2683	...
	IS-36002	Skutulsfjörður	3	Þorskur	Áframeldi	01-04-2004 04-11-2004		0	...
	IS-36003	Álftafjörður	1	Þorskur	Áframeldi	19-02-2000		60910	...
	IS-36003	Álftafjörður	2	Þorskur	Áframeldi	19-02-2000 20-05-2004		-239	...
	IS-36003	Álftafjörður	3	Þorskur	Áframeldi	19-02-2000 01-01-2005		-3246	...
	IS-36003	Álftafjörður	4	Þorskur	Áframeldi	19-02-2000 15-12-2004		0	...
	IS-36003	Álftafjörður	A10	Þorskur	Áframeldi	26-08-2005		0	...
	IS-36003	Álftafjörður	A2	Þorskur	Áframeldi	01-06-2004		8956	...

Done Local intranet

10/7/2005



Framleiðsludagbók fiskeldis

- Eftir að rekstrarleyfi hefur verið gefið út eru settar inn kvíarnar sem notaðar eru og þeim gefið auðkenni. Ef að breyting verður á kví, t.d. ummáli eða dýpt þarf að láta Fiskistofu vita og breyta skráningunni.
- Í hverri kví er opnað eldi. Til þess að opna eldi þarf að hafa samband við Fiskistofu. Eldi er svo lokið þegar kvíin er tæmd alveg. Þá er hægt að opna nýtt eldi í sömu kví. Allar breytingar á eldi í kvíum þurfa að fara í gegnum Fiskistofu.
- Tilvitnanir í eldi á komandi glærum eru eldi í kví.



Framleiðsludagbók fiskeldis - Flutningur



- **Allan flutning í og úr eldi á að skrá í framleiðsludagbók**
 - Veiðar í áframeldi, skrá fjölda, magn og flutningstæki
 - Sala á milli rekstrarleyfa
 - Flutningur á milli kvía
 - Dauði
- **Hafa í huga: Að skráningar í eldi og í Lóðs séu sambærilegar. Skráningar á dauða ekki nógu skilvirkar.**




Framleiðsludagbók fiskeldis - Fóðrun, kaup/sala

- Fóðranir í hverja kví nægir að skrá mánaðarlega.
- Ef að fiskur er seldur til annars rekstrarleyfishafa þarf að skrá það undir liðnum kaup/sala. Fjöldi og magn er tiltekið og hver kaupandi er. Kaupandi þarf svo að fara í framleiðsludagbókina og samþykja kaupin.



Framleiðsludagbók fiskeldis - Slátrun



- **Tilkynningar um slátrun**
 - Slátranir á að tilkynna í gegnum Framleiðsludagbók fiskeldis með minnst þriggja daga fyrirvara.
- **Að slátrun lokinni skal færa upplýsingar um fjölda, magn og afdrif í framleiðsludagbókina.**



Framleiðsludagbók fiskeldis - Slátrun

Heiti: Aðrirun: (Aðrirun er hluti af Fiskistofu)

10/7/2005

- Við slátrun þarf að skrá afdrif
 - Fargað
 - Ísað í flug
 - Ísað í gám
 - Markaður
 - Undanflokkun
 - Slepping
- Ef að fiskurinn fer til vinnslu innanlands þarf að “skrá ný afdrif”. Finna nafn vinnslunar í aðilaskránni og velja heiti fyrir nýju afdrifin.



Fiskeldi á Íslandi

- **Stofnanir sem koma beint að fiskeldi á Íslandi;**
 - Fiskistofa
 - Sjávarútvegsráðuneytið
 - Embætti yfirdýralæknis
 - Umhverfisstofnun
 - Skipulagsstofnun
 - Veiðimálastjóri
 - Hafrannsóknarstofnun